



Ásgeir PH öslar krapaisinn á leið inn í Húsavíkurhöfn í hörkufrosti í vikunni.

Fulltrúar Norðurþings og Héðinshöfða:

Skoða álver í Kanada

Fulltrúar frá Norðurþingi og nokkrir eigenda Héðinshöfða á Tjörnesi eru staddir í Kanada þar sem þeir eru að skoða og kynna sér starfsemi álvers Alcoa í Deschambault. Húsvíkingar hafa áður sótt þennan stað heim í boði Alcoa, en að þessu sinni er það Norðurþing sem stendur fyrir ferðinni og bauð landeigendum Héðinshöfða með. "Mér skilst að þeir feðgar Jónas yngri og eldri hafi ekki séð sér fært að þiggja þetta boð, en aðrir eigendur Héðinshöfða fóru utan," segir Jón Helgi Björnsson, oddviti meirihluta sveitarstjórnar.

Fulltrúar Norðurþings í ferðinni eru sveitarstjórinn Bergur Elías og sendimenn meiri- og minnihluta sveitarstjórnar, Erna Björns-

dóttir og Tryggvi Jóhannsson. Þá er upplýsingafultrúi Alcoa á Norðurlandi, Kristján Þ. Halldórsson með í för. Hópurinn fór utan á miðvikudag og kemur heim um helgina.

"Tilgangurinn með þessari ferð er að gefa þátttakendum kost á að kynna starfsemi álvers af svipaðri stærðargráðu og hér er vonandi fyrirhugað, álvers sem hefur verið lengi í rekstri, þannig að menn skynji betur stærðina, hvernig þetta getur fallið inn í umhverfið og hvernig það er að búa í nábýli vð svona fyrirtæki. Og menn verða örugglega betur í stakk búnir til að ræða þessi mál eftir svona ferð en áður." Sagði Jón Helgi Björnsson. JS

Framhaldsskólinn á Laugum:

Átta vísað úr skóla

Átta drengjum hefur verið vísað úr Framhaldsskólanum á Laugum. Þeir voru þátttakandur í brotnámi tveggja stúlkna af heimavist skólans um helgina, og mun tilgangurinn hafi verið að hefna fyrir hrekk sem stúlk-

urnar stóðu fyrir gegn þeim.

Lögreglan á Húsavík fékk málið til meðferðar og yfirheyrði málsaðila. Rannsókn málsins er lokið og það ræðst á næstunni hvort ákært verður í málinu. JS

Samfylkingin tekur afstöðu í álmálum:

Álverið á Bakka ekki á aftökulistanum!

Yfirlýsing Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, formanns Samfylkingarinnar í vikunni þess efnis að flokkurinn væri á móti stækkun álversins í Straumsvík nú og teldi jafnframt rétt að byggingu álvers í Helguvík verði frestað, hefur vakið mikla athygli. Og rökin voru m.a. þensla á suðvesturhorninu sem hefði afar neikvæð áhrif á efnahagslífið og ekki síst fyrir landsbygðina. Ingibjörg Sólrún minntist hinsvegar ekki á álver á Bakka, sem ýmsir túlka

sem svo að þögn sé sama og samþykki.

Þeir Samfylkingarmenn á Húsavík sem Skarpur hefur rætt við, hafa lýst yfir mikilli ánægju með þessa yfirlýsingu. "Nú hefur Samfylkingin raunverulega tekið afstöðu í málinu og klárlega lýst því að flokkurinn tekur álver á Húsavík fram yfir aðra kosti, eins og þingmenn kjördæmisins hafa itrekað og sömuleiðis við Samfylkingarmenn í bænum," sagði einn þeirra. JS

Aðalsteinn til Póllands

Formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis, Aðalsteinn Árni Baldursson, mun fara um helgina á vegum Norræna Matvælasambandsins (Nordisk Union) til Póllands. Í Póllandi mun Aðalsteinn hitta forystumenn í pólskri verkalýðshreyfingu. Tilgangur ferðarinnar er að fara yfir málefni verkafólks í Póllandi og hvernig Norræna verkalýðshreyfingin getur komið að uppbyggingu stéttarfélagi í Póllandi.

Með Aðalsteini í för verða fulltrúar frá hinum Norðurlöndunum.



Aðalsteinn Á. Baldursson.

skarpur
þingeystur fréttamiðill
í blaðinu í dag

**Steingrímur J:
Álver eða allt
hitt?**

**Kammerkór
Norðurlands**

**Tryggvi Jóhanns:
Raunveruleg
afstaða**

Þrjónakaffi

**Péttri Helga nóg
boðið!**

**Millilandaflug-
völlur í Aðaldal?**

Snjókross

Forsíðumynd:
Jóhannes Sigurjónsson

skarpur

bingeygur fréttamiðill

Garðarsbraut 56 • 640 Húsvákur
Útgefandi/prentun: Örkin ehf.
Sími: 464 2000 • Fax: 464 1298

Veffang: www.skarpur.is • Netfang: skarpur@skarpur.is
Ritstjóri: Jóhannes Sigurjónsson (johannes@skarpur.is)
Ábyrgðarmaður: Víðir Pétursson (vidir@orkin.is)

Og það held ég nú!

Lögmannaþing?

Lögfræðingar virðast upp til hópa vera fyndnari en menn annarra fræða hérlendis. Landsfrægir eru auðvitað spaugarar á borð við Örlyg Hnefil Jónsson hdl. og Óskar Magnússon lúpinulögmann, en húmoristar í hópi lögmanna eru miklu fleiri. Skemmt er að minnst lögmanna olíufélaganna sem taldi að álögð sekt fyrir samráð félaganna væri alltof há, þar sem ekki væri reiknaður til frádráttar útlagður kostnaður félaganna í þjófnaðarferlinu!

Og enn einn brandarakallinn með lögfræðipróf skaut upp kollinum í vikunni. Sá er Jón nokkur Egilsson, lögmaður kraftlyftingaforkólfsins sem gómaður var með 30 þúsund lyfjahylki á dögnum. Í viðtali í Fréttablaðinu var lögmaður lyfjahylkja-eigandans, spurður hvað skjólstæðingur hans hafi ætlað sér að gera við þessa 30 þúsund lyfjaskammta og svaraði að bragði: "Hann ætlaði bara að kynna sér þessi efni og lesa sér til um verkan þeirra."

Ætli þetta verði helsta vörn lögmanna í málinu ef ákært verður? Af hverju ætli verjendur bruggara hafi aldrei beitt þessari taktík og sagt fyrir rétti: "Jú, vissulega hafði skjólstæðingur minn undir höndum þessar 30 þúsund landaflöskur. En hann ætlaði nú bara að kynna sér þennan vökva og lesa sér til um verkan hans!"

Halli og Laddi hvað?

Raunar linnir ekki farsakenndum fréttum þar sem lögmenn eru í aðalhlutverki. Baugsfarsinn heldur áfram og nú neitar skattrannsóknarstjóri að afhenda enn einum saksóknaranum hjá embætti ríkislögreglustjóra upplýsingar um skattamál manna sem tengjast Baugsmálum. Og ekki er annað að skilja en að í þessari kröfu saksóknara felist í raun og veru ósk um lögbrot. Og þá vaknar auðvitað sú spurning hvort hugsanlega sé hægt að kæra ríkislögreglustjóra og saksóknara fyrir að hvetja til lögbrot? Og ef skattrannsóknarstjóri lætur undan og afhendir umbeðin gögn, er hann þá um leið orðinn samsekur, enn einn krimminn eða klaufinn í kerfinu?

Hvorum megin borðsins sitja eiginlega krimmarnir í þessum málum? Eða sitja kannski krimmar við annan borðsendann og klaufar við hinn og þegar upp er staðið ganga krimmarnir keikir og saklausir frá borði en klaufarnir sitja eftir með sárt ennið og kannski komnir í hlutverk krimmanna? Er hægt að tala um kríminellan klaufagang, glæpsamlegt klúður og er hægt að kæra vegna þess? Eða var keisarinn kannski aldrei í neinu? Var allt þetta mál frá upphafi tóm steypa, tilbúningur, pólitísk aðför að fáeinum ofurbusinessmönnum sem ekkert höfðu til saka unnið, a.m.k. ekki umfram aðra af sama sauðahúsi?

Nei, þetta er kannski ekkert svo rosalega fyndið eftir allt saman, a.m.k. ekki þegar kostnaður okkar skattgreiðenda af öllu ruglinu er hafður í huga.

Það eina sem er alveg öruggt í þessu máli er að enginn stjórnmalamaður, enginn embættismaður, enginn lögmaður, mun þurfa að axla ábyrgð á mistökunum og klúðrinu sem einkennt hefur Baugsmálið allt frá fyrsta degi.

Nei, lögmenn eru líklega ekki eins fyndnir og fram er haldið hér að ofan.

Og það held ég nú. JS

Prjónakaffi á Kópaskeri



Ens og sjá má er ekkert kynslóðabil í prjónakaffinu á Bakka

Verslunin Bakki á Kópaskeri hefur hrundið af stað þeirri nýbreytni að bjóða til prjónakaffis á staðnum. Öllum er velkomið

að mæta með prjóna sína, þiggja kaffi og spjalla. Og kaffið er fyrir alla óháð aldri og kynferði

fimmtudögum frá kl. 13.00 og var fyrsta kaffið haldið 11. janúar s.l.

Prjónakaffið er auglýst á

Málþing um þjóðgarð og samfélag

Þekkingarsetur Þingeyinga og Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga standa fyrir málþingi um þjóðgarð og samfélag í Skúlagarði, Kelduhverfi, miðvikudaginn 14. febrúar næstkomandi.

Sigríður Stella Jóhannsdóttir þjóðgarðsvörður og Gunnar Jóhannesson hjá Atvinnuþróunarfélaga Þingeyinga munu fara yfir stöðu þjóðgarðsins við Jökulsárgljúfur og þau verkefni sem tengjast eða tengst hafa með beinum eða óbeinum hætti þjóðgarðinum. Linda Margrét Sigurðardóttir viðskiptalögfræðingur (frá Presthólum í



Dettifoss.

Óxarfirði) kynnir niðurstöður rannsóknar sinnar frá því s.l. sumar þar sem hún bar saman atvinnu og ferðaþjónustuuppbyggingu í þjóðgördunum við Jökulsárgljúfur og Skaftafell. Að lokum mun svo Anna María Ragnarsdóttir, hóteltjóri Hótel Skaftafells, fræða Þingeyinga um uppbyggingu og rekstur hótels í námunda við þjóðgarð (þ.e. í Skaftafelli).

Ókeypiss aðgangur og allir velkomnir. Aðilum sem eru í rekstri ferðaþjónustu eða hafa áhuga á þeim málum, eru sérstaklega hvattir til að mæta.

Þá var öldin önnur...



Með þrjá til reiðar. Salómon Erlendsson á ferð við Sólvang á Tjörnesi fyrir allmörgum árum.

Pétur Helgi Pétursson skrifar:

Nú get ég ekki lengur orða bundist!

Tílefi þessa greinarkorns er hreint út sagt furðuleg afgreiðsla skólanefndar og fjölskyldu- og þjónusturáðs Norðurlþings á umsóknum Ínu Valgerðar Pétursdóttur og Bjarna Siguróla Jakobs-sonar um greiðslu kennslu- kostnaðar við Tónlistarskóla FÍH. Þau sóttu um að Norðurlþing greiddi kennslukostnað fyrir skólaárið 2006-2007 og var hann áætlaður kr. 307.400 á nemanda, þegar þau sóttu um 2. ágúst 2006.

Þau fengu svo svar 7. september þar sem erindinu var hafnað á þeim forsendum að ekki væri gert ráð fyrir þessu í fjárhags- áætlun 2006, en þyrfti að ræða við gerð nýrrar fjárhagsáætlunar. Á sama tíma veitir umhverfis- og tæknisvið sama sveitarfélags kr. 527.170 til Landgræðslu ríkis- ins! Varla var þetta á fjárhags- áætlun, eða hvað?

Þessir tveir unglingar sem hafa stundað tónlistarnám hér á Húsavík við Tónlistarskóla Húsavíkur frá 6 ára aldri, þurfa nú að færa sig um set til Reykjavíkur vegna þess að ekki er kennt það nám hér sem þau sækjast eftir. Metnaðarleysi nefndanna og svo sveitarstjórnar er algjört. Þessi ungmenni hafa komið mikið hér fram á undangengnum árum, þau byrjuðu reyndar að syngja og spila fyrir börnin í sunnudagaskólanum, oft án þess að fá greitt fyrir það. Og þau hafa líka spilað ókeypis fyrir fleiri, m.a. metnaðarlausu nefndarmann bæjarfélagsins Þessir sömu menn töluðu digurbarkalega s.l. vor í aðdraganda kosninga, en ekkert hefur ræst úr hvað varðorð menningarmál.

Tvö á báti

Nú hef ég leitað mér upp- lýsinga hjá skólastjóra Tón- listarskóla FÍH og var mér tjáð að einungis tveir nemendur í hans skóla þyrftu sjálfir að greiða kennslukostnaðinn og væru þeir báðir frá Húsavík, þ.e. Ína og Bjarni. Akureyri er reyndar á sama báti og Húsavík hvað þetta varðar, en það er bara enginn nemandi þaðan í skólanum. FÍH tekur aðeins afburða nemendur inn og þurfa þeir að þreyta mjög erfitt inntökuþróf og standast það til að komast inn.

Það skal tekið fram að ekki hefur verið óskað eftir neinum styrk frá bænum eins og sumir skólanefndarmanna virðast halda ef marka má fundargerðir skólanefndar og ég held að nefndarfolk ætti að undirbúa sig aðeins betur áður en mætt er á fundi og ákvarðanir teknar.

Svo er það líka þannig að þetta er ekki einhver óútfylltur tékki eins og formaður skóla- nefndar heldur, því eins og áður hefur komið fram, komast aðeins afburða nemendur þarna að. Til að mynda hafa einungis þrír



Pétur Helgi Pétursson.

Húsavíkingar verið í þessum skóla svo ég viti og eru þeir allir að stunda tónlistarstörf og kennslu og þar af einn hér heima, Guðni Bragason, og hefur hann heldur betur lífgað upp á menningarflóru bæjarins og hafi hann þökk fyrir.

Kvóti Reykjavíkur

Væri nú ekki nær að vera stolt af okkar unga fólki og peppa það svolítið upp, frekar en að sparka því bara úr bænum? Því nú er svo komið að bæði þessi ungmenni sem við getum verið svo stolt af, þurfa að flytja lögheimili sín til Reykjavíkur í þeirri von að komast inn í skólann næsta haust á kvóta Reykjavíkur. Þau hafa greinilega ekki sama rétt til náms og önnur ungmenni í sveitarfélaginu, af því að þau ætla sér ekki að steypast í sama mótið og flestir gera, þ.e. að fara í framhaldsskóla þar sem ríkið greiðir allan kennslukostnað. Það skal tekið fram að þau Ína og Bjarni greiða auðvitað sjálf skólagjöldin sem eru kr. 90.000 fyrir árið.

Eftir viðtal við Ínu sem birtist í Jólblaði Skarps, hafa margir haft samband við mig og segjast ekki trúa þessari vitleysi, m.a. fjölmiðlar fyrir sunnan og nú þegar er búið að fjalla um þetta mál á Bylgjunni, þar sem skóla- stjóri FÍH skýrði málið.

Þung spor

Eins og við flest munum var Ína Valgerður að syngja í Idol stjórnuleit s.l. vor og stóð sig með sóma. Og þá áttum við hana öll og ávallt kom það fram í viðtölum hvaðan hún væri og

Leiðrétting

Meinleg villa kom fram í einni af vísnum Þorfinns Jónssonar í síðasta Skarpi, villa sem algjörlega forðjarfaði kórrétta stuðlasetningu höfundar, þar sem hortittar breyttust í orðtítt. Rétt er vísan því svona:

Ef helvíti, drullu og hortittonum við hendum, missirðu spón, þá verður ekkert eftir af honum álbragnum, Sigurjón.

Þetta leiðrétting hér með og er forláts beðist. JS

hversu stolt og þakklát hún var öllum þeim fjölmörgu Húsaví- ingum sem komu sérstaklega suður til að styðja við bakið á henni á hverju föstudagskvöldi í þrjú mánuði. Og mér reiknast svo til að a.m.k. 1000 manns hafi komið í Smáralind á okkar vegum.

En þetta skiptir greinilega engu máli, allavega ekki hjá þröng- sýnum nefndarmönnum, enda

þurfa helst allir að vera í íþróttum til að hlustað sé á þá, það er a.m.k. mín reynsla í gegnum árin.

En eitt veit ég. Það verða þung sporin hjá Ínu þegar hún fer til að skipta um lögheimili og verða Reykjavíkingur. Og hafið þið skömm fyrir, skólanefnd og fjölskyldu- og þjónusturáð Norð- urlþings!

Pétur Helgi Pétursson.



Bjarni Siguróli og Ína Valgerður hafa sungið og spilað fyrir bæjarbúa á Húsavík um árabíl.

Snocross á Húsavík:

Hemmertinn í 2. sæti



Eyþór Hemmert Björnsson, nánast lóðréttur í keppinni á Húsavík. Mynd: Hafþór Hreiðars.

Fyrsta umferð af sex í WPSA mótaröðinni í snjócrossi fór fram við höfnina á Húsavík s.l. laugar- dag og sá Mótorsportklúbbur Húsavíkur um framkvæmdina. Vel var mætt til leiks og mikið stokkið og hátt. Keppt var í þremur flokkum líkt og áður, þar af einum unglíngaflokki. Saman- lagður stigafjöldi úr keppnum sex gefur Íslandsmeistararitil í viðkomandi flokki.

Helsta kempa heimamanna, Eyþór Hemmert Björnsson, varð að láta sér lynda 2. sæti í proflokki, en hann á örugglega eftir að sigra í síðari umferðum.

Úrslit urðu sem hér segir: Unglingaflokkur: Baldvin Þór Gunnarsson 55. Bjarki Sigurðsson 49. Árni Ásbjarnarson 36. Sportflokkur: Sæþór Sigursteinsson 52. Kári Jónsson 40. Jóhann Árnason 37. Ármann Sigursteinsson 33. Guðmunur Árnason 32. Proflokkur: Ásgeir Frímannsson 52. Eyþór Hemmert 47. Steinþór Stefánsson 42. Jónas Stefánsson 41. Reynir Brói Stefánsson 39.

skens & skot

Montinn af konum

Guðmundur G. Halldórsson hefur fylgst harla ánægður með nýlegum fréttum Skarps af frama þingeyskra kvenna. Frétt um að Hulda Ragnheiður Árnadóttir væri orðin bæjarstjóri á Blönduósi kætti hann til dæmis mjög: *Samtíma ég lít í ljóra, löngum er hér kvennaval. Blönduós fengið borgarstjóra, bóndakonu úr Áðaldal.*

Og ekki gladdist Guðmundur síður þegar frænka hans, Margrét Þórhallsdóttir, var ráðin í starf meðhjálpara við Húsa- víkurkirkju:

Hrumur minn við staulast staf, staðan lukku gerði. Mikið er ég montinn af Möggu, kirkjuverði!

Aungvar mútur, takk!

Eins og fram kemur í frétt í blaðinu eru nokkrir Hús- víkingar staddir í Kanada að kynna sér álver þar, og m.a. eigendur Héðinshöfðalands. En ekki sáu allir Héðinshöfða- menn sér fært að fara utan í þessu skyni. Guðmundur G. Halldórsson heyrði því fleygt að Jónas yngri á Héðinshöfða hefði sagt að hann ætlaði sko ekki í neina "mútuferð" til Kanada. Og Guðmundur kvað af þessu tílefn:

Sálarkreppu svaraverð, sveitir vil ég byggja. Markaðshyggju mútuferð mun ég aldrei þiggja!

Bakki í fyrsta sæti Samfylkingar?

Þingeyskir Samfylkingar- menn hafa lengi reynt að fá Ingibjörgu Sólrúnu til að tjá sig um forgangsröðun flokksins varðandi álver á Íslandi, en lítið orðið ágengt. Þar til nú í vikunni að Sólrún kvað upp úr með það að ekki væri æskilegt að stækka álverið í Straumsvík eða byggja álver í Helgúvík.

Leiðtögin minntist ekki á Bakka í þessu samhengi, og telja þingeyskir álverssinnar það góðs viti og að þarna sé Ingibjörg í raun búin að forgangsráða og setja álver á Bakka í 1. sæti.


Steingrímur Jóhann Sigfússon skrifar:

Álver eða allt hitt

Aðalsteinn Árni Baldursson, formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur, hóf einhverskonar kosningabaráttu með blaðagrein í Morgunblaðinu miðvikudaginn 24. janúar sl. Hann tekur þar að sér að leiðbeina kjósendum á Norðurlandi, eins og hann kallar það, um hvernig þeir eigi að ráðstafa atkvæði sínu í kosningunum í vor. Það vekur athygli hvað verkalýðsformaðurinn telur að fólk eigi að láta ráða atkvæði sínu. Ekki er það grundvallarlífskoðun, t.d. smámál af því tagi hvort í hlut eigi félagshyggju eða einstaklingshyggju fólk, verkalýðssinnað eða hallt undir stóratvinnurekenda- og fjármála-valdið. Ekki skal heldur kjósa stjórnálmenn eða –flokka eftir því hvort þeir berjist fyrir félagslegum úrbótum, eins og gjaldfrjálsum leikskóla, öflugri almannatryggingum eða gegn sjúklingasköttum og skólagjöldum. Ei skal það ráða atkvæði manna, að mati Aðalsteins, hvort fólk er friðar- og afvopnunar-sinnað eða styður stýrjaldri Bandaríkjamanna, eins og Íraksstríðið, hvort menn vilja ganga í Evrópsambandið eða ekki. Þá er þetta væntanlega ekki heldur spurning um hvort flokkar séu almennt trúverðugir og sjálfum sér samkvæmir eða beri kápuna á báðum öxlum, lofi einu fyrir kosningar og geri svo eitthvað annað. Af öllu þessu eru næg dæmi en ekkert af því virðist Aðalsteinn telja að eigi að ráða atkvæðum Norðlendinga að þessu sinni.

Nei, það á bara að kjósa þá fulltrúa á þing sem vilja stýðja byggingu álvers við Húsavík. Punktur og basta. Menn eiga ekki einu sinni að láta það hafa áhrif á það hvernig þeir ráðstafa atkvæði sínu, sem Aðalsteinn ræðir þó í löngu máli, hversu stjórnvöld, og þá væntanlega fyrst og fremst ríkisstjórnin, hafa staðið sig hraklega í byggðamálum. Það er aðeins einn hópur sem ekki má kjósa. Það eru þeir sem eru Aðalsteini ekki sammála um byggingu álvers við Húsavík og þá væntanlega almennt um ágæti stórvirkjana og álvæðingar. Þeim velur Aðalsteinn þau orð, að þeir vilji vinna með Norðlendingum að „uppbyggingu atvinnulífs“.

Og svo kemur hin gamalkunna plata um að það sé nóg komið af yfirlýsingum um „eitthvað annað“. Slíkur mállutningur sé gjaldþrota og innihaldslaus, segir verkalýðsföringinn. Hefur einhver heyrt þetta fyrr? Vottar e.t.v. fyrir rispuhljóðum þegar Aðalsteinn setur á framsóknarplötuna af Austurlandi frá því fyrir fjórum árum síðan um álver eða dauða? Ég sakna þess reyndar að Aðalsteinn skuli ekki endurtaka klisjurnar í sinni tærustu, ómál-efnalegustu og átakanlegustu



Steingrímur J. Sigfússon.

Mynd:

mynd en þá var þetta „eitthvað annað“ yfirleitt sama sem fjalla-grasatínsla á heiðum uppi.

Álver eða „eitthvað annað“

Stöldróm aðeins við þessa uppsetningu mála, álver eða „eitthvað annað“. Sé Aðalsteinn tekinn bókstaflega er hann að segja: Það eru aðeins tveir kostir í atvinnumálum. Annars er álver, hitt er allir aðrir möguleikar. Þetta „eitthvað annað“ er þá orðið að öllu öðru atvinnulífi í landinu, öllum vaxtarmöguleikum þess sem og tilkomu nýrra greina og hvers kyns nýsköpunar og sprotastarfsemi.

Þegar betur er að gáð er mikið til í þessari framsetningu Aðalsteins. Það er nefnilega þannig, að valið stendur um mismunandi tegund atvinnuuppbyggingar og atvinnuþróunar. Það er vissulega tiltekin framtíðarsýn að á næstu fimm til átta árum verði álverið í Straumsvík stækkað um 280 þúsund tonn og fari í 460 þúsund tonna heildarframleiðslugetu. Þá risi 250 þúsund tonna álver, væntanlega fyrri áfangi af fullvaxinni bræðslu, við Helgúvík, framkvæmdir hefjist við annað af sömu stærð, þ.e. fyrri helming af hagkvæmri nútímastærð, við Húsavík og jafnvel visir að hinu fjórða við Þorlákshöfn. Sem sagt fjárfestingar uppá 430-450 milljarða hið minnsta, 1,5 sinnum það sem núna hefur staðið yfir. Sleppum því í bili að bæði Norsk Hydro og Rússa klæjar í lófana.

Þetta er allt hugsanlegt, en það gengur auðvitað hratt á orkumöguleikana og um leið ósnortin svæði og náttúru landsins ef þetta verður. Reiðinnar bysn af Kínverjum og Pólverjum þarf að fletja til landsins og park-

Húsavíkur og koma henni framár í röðina. Kannski er Aðalsteinn að blanda sér í öfuga kosningabaráttu.

Álver eða allir hinir möguleikarnir

Álver eða þetta fyrirlitlega „eitthvað annað“ uppsetningin er þó sýnu alvarlegust vegna þess himinhrópani vonleysis og þeirrar uppgjafar sem í henni er fólgið. Hvað er „eitthvað annað“, þ.e.a.s. eitthvað annað en álver í atvinnumálum, þegar betur er að gáð og skoðað út frá húsviskum veruleika sérstaklega?

*„Eitthvað annað“ eru þá t.d. störf í opinberri þjónustu og allur fyrirsjáanlegur og mögulegur vöxtur þar:

- Heilbrigðisstofnun Þingeyinga
- Framhaldsskólinn á Húsavík
- Sýslumaður og lögregla
- Þekkingarseturs Þingeyinga
- Náttúrustofa Norðausturlands
- Háskólasetur H.Í. á Húsavík
- leik- tónlistar- og grunnskólar
- félagspjónusta
- áhaldaður
- bæjarskrifstofur

-veitustarfsemi sveitarfélagsins, raforkuframleiðsla úr afgangsgufu frá hitaveitu og tengd sorpbrennsla eru allt góð dæmi um umsvif sem eru „eitthvað annað“

**„Eitthvað annað“ er þjónusta á vegum einkaaðila:

- bankar
- verslanir
- iðn- og handverksþjónusta
- byggingarstarfsemi, viðhald, viðgerðir, verkstaðisrekstur
- * „Eitthvað annað“, er ferðaþjónusta, mesta vaxtargrein íslensks atvinnulífs sl. 30 ár:
- hvalaskoðun
- hvalamiðstöð og söfn
- veitinga- og gististaðir
- bílaaleiga, rútuútgerð, bíl- stjórn, leiðsögumenn, landverðir og hvers kyns afþreying

*Garðarsstofa á Húsavík er „eitthvað annað“

*„Eitthvað annað“ eru matvælavinnslu- og iðnfyrirtækin í gömlu mjólkurstöðinni.

**„Eitthvað annað“ er Norðlenska

*„Eitthvað annað“ er saltfiskverkun, hausapurkkun og önnur umsvif GPG, landvinnsla Vísis, útgerð báta og skipa

**„Eitthvað annað“ er sem sagt hvers kyns afþafnasemi og mannlíf sem gefur af sér atvinnu, eða getur gert það í framtíðinni, bæði fyrir ofan Bakka og neðan „Eitthvað annað“ er einnig uppbygging í nágrenni Húsavíkur verður áfram við líði eða hvort þessi mál verða endurskoðuð í heild sinni. Kannski ættu þeir sem heitast þrá einnar verksmiðju samfélag á Húsavík að drífa sig til Hafnarfjarðar og reyna að leggja andstæðingum stækunar þar líð til að auka möguleika

kræklingarækt í Eyjafirði

-gestastofa í Ásbyrgi og uppbygging í þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum

-ört vaxandi byggðakjarni á Laugum

-lífrænar gulrætur í Öxarfirði og kryddjurtir og te í Aðaldal eru „eitthvað annað“

*Silkiprent og fánar, lítið iðnfyrirtæki sem keypt var syðra og flutt norður á Þórshöfn er auðvitað „eitthvað annað“

*Ný þjórværsmiðja á Árskógsströnd sem hefur ekki undan að framleiða er „eitthvað annað“

*Söfnin á Mánarbakka og í Ystafelli og uppbyggingin í Möðrudal á Fjöllum, sem skapa störf eða a.m.k. hlutastörf í sjálfu sér, en auka þó kannski fyrst og fremst umsvif annara þjónustuaðila við ferðamenn sem staðnæmast á svæðinu þeirra vegna. Slík bein eða afleidd umsvif eru að sjálfsögðu „eitthvað annað“.

Þannig mætti lengi áfram telja. „Eitthvað annað“ er sem sagt, bæði núverandi atvinnulíf og vaxtarmöguleikar innan þess og út frá því sem og hvers kyns nýsköpun og þróun. „Eitthvað annað“ eru allir þeir ótæmandi möguleikar sem fólgnir eru í mannaúði þjóðarinnar, landinu og auðlindum þess, þar með talið auðvitað orkulindum eftir því sem samrýmist leikreglum sjálfbærrar þróunar að beisla orkuna með minnstu mögulegum umhverfisfótörnum og þá, til þeirra nota og fyrir það verð, sem sannanlega er þjóðhagslega hagkvæmt.

Auðvitað hefur landsbyggðin háð varnarbáttu og mætt skilningsleysi og aumingjaskap ríkisstjórna um langa hríð og aldrei sem nú, síðasta einn og hálfan áratuginn á tímum hrárrar nýfrjálslyggu. Og auðvitað breytast atvinnuhættir og störfum færkar í sumum greinum eða þær hverfa jafnvel alveg. Slíkt skapar erfiðleika en sem betur fer vex annað á móti, ekki síst hvers kyns þjónusta og þá gildir að ná sínum skerf af þeim vexti

Mannlegur máttur fær mig ekki óbillaðan til að ræða um framtíð, hvorki einstakra byggðarlaga né landsins í heild, þannig að engum úrræðum sem neitt sé með hafandi sé til að dreifa nema því einu að setja niður risastór álver og þá væntanlega sem víðast.

Væri því svo farið, t.d. með hinn fallega og blómlega bæ Húsavík sem hefur m.a. sýnt styrk sinn í því að standa ótrúlega vel af sér ýmis áföll á undangengnum árum, hvað má þá segja um stærstan hluta annarra þéttbýlisstaða á landsbyggðinni sem standa lakar að vígi? Nei, má ég biðja þess lengstra orða að hvað sem líður ágreiningi um stóriðju- og landdrekkingarstefnu ríkisstjórnar-

innar þá tali menn ekki niður alla aðra möguleika íslensks atvinnulífs og hvers kyns nýsköpunar. Allir sem keppt hafa til sigurs í íþróttum eða að einhverju öðru í lífinu sem erlitt er að hlotnast, þekjja mikilvægi þess að tapa ekki trúnni á sigur, ekki sigurvilljanum. Þar í liggur ósmár hluti af ábyrgð forustumanna, hvort sem það er einstakra byggðarlaga eða landsins í heild, að telja fremur í menn kjark en hann úr þeim.

Ferðin sem aldrei var farin gerði sitt gagn í sögunni af því tímenn var notaður vel til uppbyggilegs undirbúnings. Það er ekki víst að bið eftir álveri sem

svo kannski aldrei kæmi færi eins vel með menn og sérstaklega ekki ef þeir biða með því hugarfari að "eithvað annað" sé ekki til.

Af hverju hálfkveðnar vísur, Aðalsteinn?

Að lokum aftur að leiðbeiningum Aðalsteins til kjósenda.

Mér leiðast hálfkveðnar vísur og teldi meiri reisu yfir hjá þessum ágæta kunningja mínum í gegnum árin, að segja það sem hann er augljóslega að fara, berum orðum. Biðja fólk um að kjósa ekki Steingrím J. Sigfússon og flokk hans í alþingiskos-

ingunum í vor heldur bara „eithvað annað“.

Fjórir stjórnmalaflokkar eiga menn á þingi í Norðausturkjördæmi. Mér vitanlega eru þingmenn og/eða frambjóðendur hinna flokkanna þriggja. Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Samfylkingar, allir stuðningsmenn álversuppbyggingar við Húsavík með tilheyrandi virkjunum. Frambjóðendur sömu flokka í viðeigandi kjördæmum styðja að vísu einnig stækkun eða byggingu álvera í Straumsvík, Helguvík og Þorlákshöfn, en um það þarf ekki að hafa hátt norður á Húsavík. Samfylkingin á þar á ofan í þeim vanda að afstaða

forystu hennar á landsvísu er ekki endilega sú sama og forystumanna í héraði, en hver er að hafa áhyggjur af því hvort menn og flokkar eru sjálfum sér samkvæmir.

Krafn sem ótrúlega víða er uppi er gagnstæð, þ.e. að menn aki seglum eftir vindi og víki grundvallarviðhorfum sínum til hliðar ef meintir staðbundnir hagsmunir krefjast. Já, kannski að þá yrði loksins borin virðing fyrir stjórnmalunum ef allir hegðuðu sér þannig, gerðust hreinir og klárir hentistefnumenn.

Ég fæ ekki annað lesið út úr orðum Aðalsteins Árna Baldurssonar en að hann sé að segja:

Kjösendur, hvað sem líður ykkar lífsskoðun og pólitískum viðhorfum að öðru leyti þá kjósið ekki Steingrím, Þuríði, Björn Val, Berglindi Hauksdóttur og þau öll hin hjá Vinstri grænum, bara „eithvað annað“ af því álver við Húsavík er það eina sem skiptir máli.

Lengi skal manninn reyna.

Steingrímur J. Sigfússon.
Höfundur er formaður Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs og skipar 1. sæti á framboðslista flokksins í Norðausturkjördæmi í komandi kosningum.

Kammerkór Norðurlands með tónleika á Húsavík:

Gæðakór sem starfar við flökkuskilyrði!

Kammerkór Norðurlands heldur tónleika á Húsavík n.k. þriðjudag 13. febrúar kl. 21:00 í sal Borgarhólsskóla. Stjórnandi er Guðmundur Óli Gunnarsson. Þessi ágæti kór er merkilegur fyrir margra hluta sakir. Hann hefur starfað frá árinu 1998 og er um þessar mundir skipaður ellefu konum og sjö körlum og spannar söngfólkið Norðurland frá Sauðárkrúki austur á Kópasker, að sögn formannsins Péturs Garðarssonar, sem sjálfur býr á Siglufirði og söng áður með kórnum.

Að sögn Péturs er ekki hægt að æfa mjög stíft af skiljanlegum landfræðilegum orsökum. „Við höfum oftast komið saman til æfinga í Tónlistarskólanum á Akureyri sem er miðsvæðis en einnig höfum við æft að Löngumýri, Vestmannsvatni og á Hótel Reynihlíð. En þetta byggist auðvitað á því að þetta fólk er fullfært um að læra og æfa sig vel heima, þar sem í hópnum eru tónlistarkennarar og fólk sem hefur lært söng, svona „semi professionals,“ eins og Jón Hlöðver Áskelsson, orðaði það í umfjöllun um kórin í Morgunblaðinu fyrir skemmstu.“ Segir Pétur.

Og hann hvatti tónlistarunnendur til að mæta á tónleikana á þriðjudagskvöldið. „Því þó ég segi sjálfur frá, þá er þetta skrátt góður kór og söngskráin að mörgu leyti merkileg og í raun ótrúlega fjölbreytt, frá þjóðlögnum og yfir í nýrri verk.“



Kammerkór Norðurlands í Blönduóskirkju. Og eins og sjá má eru margir þekktir þingeykskir söngvarar í kórnum.

Á efnisskránni eru kórverk samin af og þjóðlög útsett af Árna Harðarsyni, Báru Grímsdóttur, Hafliða Hallgrímssyni, Hróðmari Inga Sigurbjörnssyni, Jóni Ásgeirssyni, Jóni Nordal, Jóranni Viðar, Snorra Sigfúsi Birgissyni og Tryggva M. Baldvinsyni.

Eins og áður sagði fjallaði Jón Hlöðver Ásgeirsson um tónleika

kórsins í Mogga á dögnum, lauk á hann miklu lofsorði og sagði m.a.:

„Það er aðdunarvert að gæðakór skuli verða til hjá fólkum sem þarf að ferðast allt að 120 km vegalengd til að sækja æfingar, og þegar aðeins brot af kórnum býr á sama stað.... Þessi kór er það sem kallast á vöndu máli semiprofessionál, þ.e.

tónlistarkröfum og undirbúningi er hagað að mörgu leyti eins og um atvinnukór væri að ræða, en uppskorin laun eru einskær ánægja. Það er ljóst af þeirri gleði sem kórólkið geislaði af í söngnum að laun ánægjunnar eru hátt metin þar á bæ.... Raddirnar hljóma vel og samhljómur þeirra er yfirleitt þéttur og góður. Söngur kórsins er

tónhrein og stjórnandi mótaði flutning með mikilli breidd í hraða- og styrkleikabreytingum. Árangur af kórstarfi ræðst oft að miklu leyti af starfi stjórnandans og við þau flökkuskilyrði sem Kammerkór Norðurlands býr við hygg ég að hlutverk hans verði enn stærra.“ Skrífaði Jón Hlöðver m.a. JS

Héraðsmót H.S.Þ í skák

Héraðsmót H.S.Þ í skák verður haldið laugardaginn 10. febrúar.

Mótið verður haldið í Borgarhólsskóla á Húsavík og hefst það kl. 10.30 og áætluð mótstök eru um kl 17.00.

Tefldar verða 7 umferðir eftir monrad-kerfi. (2 eða 3 umf fyrir hádegishlé og síðan 7 og síðasta umf. að loknu kaffihléi). Umhugsunartími verður 25 mín á mann í hverri skák, (atskák). Keppt verður í tveim aldurs-

flokkum 14 til 16 ára (8., 9. og 10. bekkur) og 17 ára og eldri. Veitt verða verðlaun fyrir 3 efstu sætin í hvorum flokki, auk þess sem sigurvegarinn fær farandbikar og nafnbótina Héraðsmeistarari H.S.Þ í skák 2007. Keppnisgjald er kr 500. (Keppi 2 systkini eða fleiri borgar bara eitt keppnisgjaldið.)

Skákfélagið Goðinn sér um mótshaldið.

Það skal tekið fram að héraðsmótið fyrir 13 ára og yngri er

fyrirhugað í apríl og verður það auglýst þegar þar á kemur.

Skráning í mótið er hafin í síma 464 3187 (Hermann) eða senda póst á hildjo@isl.is Skráningarrestur er til klukkan 22.00 föstudagskvöldið 9. febrúar.

Allar nánari upplýsingar veitir formaður skákfélagsins Goðans, Hermann Aðalsteinsson í síma 464 3187 og 821 3187.

Álvísnaleiði

Kæri Skarpur.

Þar sem ég er orðinn hálf leiður á öllum þeim yrkingum um ál, sem birst hafa á síðum þínum á undanförunum vikum og mánuðum, þá sendi ég hér meðfylgjandi stökur:

Leiðist mér það ljóðamál, sem les ég á síðum þínum. Það er nærri allt um ál og ei með orðum þínum.

Þó menn hafi sviða í sál síst þeir skyldu gleyma, að orðin ljótu eru mál, sem á helst hvergi heima.

Með bestu kveðju
Vígús B. Jónsson.

Rúnar Óskarsson hjá Fjallasýn í Reykjaví:

“Eyfirðingar og Þingeyingar sameinist um millilandaflugvöll í Aðaldal”

Rúnar Óskarsson í Reykjaví er einn af “síðustu Móhikönunum” í Norðurþingi, eins og hann orðar það sjálfur, heima mönnum sem enn stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi á svæðinu. Hann hefur um langt árabil starfað að ferðamálum og stundað fólksflutninga undir merkjum fyrirtækis síns Fjallasýnar, og m.a. unnið merkilegt brautryðjendastarf í fjölgun ferðamanna á svæðinu yfir vetrartímann.



Rúnar Óskarsson.

Og þrátt fyrir samdrátt af ýmsu tagi og uppstyttilausan flutning á eignarhaldi fyrirtækja úr héraði, hefur Rúnar haldið sínu striki, hann fjárfesti m.a. í tveimur nýjum bílum s.l. haust og hefur því ekki skorið niður flotann, nema síður sé. Rúnar hefur ákveðnar og vel grundaðar hugmyndir um hvers samfélagið þarfnast svo það megi rétta úr kútnum.

“Ég hef af tómi þrákelni ekki dregið saman seglin þrátt fyrir ýmsa erfiðleika og tilfinningu fyrir því hvernig samfélagið hefur verið að síga niður á undanfórnum árum. Og auðvitað er maður með vonir og væntingar um að eitthvað rjástlist úr þessu. En mín skoðun er sú að við þurfum eitthvað verulega stórt hér á svæðinu ef við ætlum að halda áfram að vera til héra.” Segir Rúnar.

Og bætur við að hvað ferðabjónustuna varði þá sé þokkaleg nýting í henni yfir blásumarið, en það sé einfaldlega ekki nóg. “Í mínum huga er stóra skrefið í þessum geira millilandaflugvöllur inn á svæðið. Því betur er ekki í fjárlögum núna fjárveiting til að lengja Akureyrarflugvöll, því þar værum við bara að henda peningum. Og það er mín skoðun að það eigi að verða sameiginlegt verkefni Þingeyinga og Eyfirðinga að ná millilandaflugvelli inn á svæðið og þá kemur aðeins Aðaldalsflugvöllur til greina.

Það er alveg ljóst að flugvöllur verður aldrei með þeim hætti inni í Eyjafirði að flugrekstrar aðilar veðji á hann. Því ráða einfaldlega aðstæður í Eyjafirði því þessi fjöll verða auðvitað ekki flutt í burtu. Alþingismenn sem

nú eru að tala fyrir lengingu Akureyrarflugvallar eru að gera það gegn betri vitund, þar sem þeir eru núna í atkvæðaleit. Þó að fari tveir milljarðar í flugvöllinn á Akureyri, þá erum við ekki komnir með tryggt flug á svæðið eða flugvöll sem flugrekstaraðilar treysta.

Og það má líka benda á að veðurfar fer hlýnandi og það þýðir að suðvestlægjar áttir eiga eftir að aukast, þannig að skilyrðin inni í Eyjafirði gætu versnað enn frekar. Í sumar var t.d. ekki hægt að lenda í Eyjafirði vegna þoku og á meðan keyrði maður hér framhjá Aðaldalsflugvelli í glansbirtu.”

- En verður ekki erfitt að fá Akureyringa og Eyfirðinga til að taka þátt í uppbyggingu millilandaflugvallar í Aðaldal?

“Vissulega, og það er af því að menn eru ekki nógu vel upplýstir um málið og úr því þarf að bæta. Ég get alveg ekið inn í Eyjafjörð til að taka þar á móti túristahópum. En ef ekki er hægt að treysta því að flugvélin geti lent með hópinn, þá er ég engu bætari. Og þegar Vaðlaheiðargöngin verða komin, ný brú yfir Skjálfandafliót, leiðin stytt og vegir bættir, þá eru Eyfirðingar fljótari á flugvöllinn í Aðaldal, en úr miðbæ Reykjavíkur til Keflavíkur.

Þetta eru því engar vegalengdir og það á að vera sameiginlegt áhugamál okkar hér á Norðurlandi að koma þessu á.

Ef t.d. eitthvað meira verður úr jólasveinadæminu í Mývatnsveit, sem lítur mjög vel út, þá er millilandaflugvöllur á svæðinu algjör lífsnauðsyn.

Og millilandaflugvöllur í Aðald-

dal nýttist ekki eingöngu ferðabjónustunni, heldur einnig t.d. matvælaframleiðendum á svæðinu sem geta flutt sínar fersku afurðir út. Fyrir utan kjöt- og mjólkurafurðir má nefna grænmeti og blóm sem hægt er að rækta á söndunum fyrir austan, þar sem jarðhitinn dugur ekki til rafmagnsframleiðslu, en þá þess betur til ylræktar. Ég vil sjá miklar breiður af gróðurhúsum á söndum Óxarfjarðar.”

- Og þú telur að Vaðlaheiðargöng og Álverið gegni þarna lykilhlutverki?

“Já, og við verðum báðir dauðir áður en göngin koma, ef ekkert kemur hér upp hér norðan við Húsavík, þ.e.a.s. álver sem er forsenda Vaðlaheiðarganga, flugvallar og margs fleira í okkar samfélagi.”

- Hvað gerist hér ef kemur tilkynning á vordögum um að hætt verði við öll áform um byggingu álvers á Bakka?

“Ég myndi t.d. byrja að draga saman í mínum rekstri sem hraðast. En mér þætti miklu betra að leggja upp laupana í góðbæri og í uppsveiflu þegar einhver væri til í að taka við, en að gefast upp í hallæri og skilja ekkert eftir mig.

Og þetta á við um fjölmörg fyrirtæki og margvíslega starfsemi á svæðinu. Margir hafa um skeið verið að leggja mjög hart að sér í miklum þröngingum,



Rúnar hefur verið að bæta við bílaflokk og hér eru nýjustu farkostirnir.

í þeirri von að framundan sé uppsveifla sem tengist Álveri, þannig að ef það klikkar, þá sópast svo margt í burtu á skömmum tíma.

Og guð hjálpi okkur því ef þetta verðu slegið af eða frestað í 5 til 7 ár. Eignir okkar munu lækka að verðgildi um tugi prósentu, erfiðara verður að fara í banka og fá lán til uppbyggingar þess sem fyrir er eða til að “gera eitthvað annað.” Bjartýsinn sem vaknaði við staðarvalið fyrir ári síðan, kom í raun í veg fyrir að eignir okkar yrðu verðlaugar.

Ef Álverið verður slegið af, þá óttast ég að slatti af fyrirtækjum sem búin eru að skrimta á voninni einni saman um skeið, leggi upp laupana. Og þegar fyrirtækjum fækkar þá minnkar bjónustan sem menn gera kröfu til að sé til staðar, og þá flytja einhverjir burtu vegna þess. Þar með minnka viðskiptin hjá enn

fleiri fyrirtækjum, sem hoga þá af hólmi, enn dregur úr bjónustu, æ fleiri flytja burt og kominn er upp vítahringur sem var verður stöðvaður. Þetta ferli hefur raunar verið í gangi hér um tíma, þó aðeins hafi hægt á því. En það eru allt of margir sem átta sig ekki á því hveru glöggst við stöndum.”

Rúnar segist í sjálfu sér ekki vera neinn sérstakur áhuga maður um álver. “En við erum komnir í þá stöðu fyrir einhverjum árum að við eigum fárra, ef nokkurra kosta vö. Ef einhver vill koma hingað með tiltölulega stórt fyrirtæki sem við höfum tryggingu fyrir að muni starfa hér í einhverja áratugi, þá er nánast sama hvurs kyns slíkt fyrirtæki er, við hljótum að taka því fagnandi. Málið er nú ekki flóknara en það.”

Segir Rúnar Óskarsson. JS

Afmælisveðja:

Jóhanna Ólafsdóttir áttæð

Síðastliðinn sunnudag, þann 4. febrúar, varð áttæð frú Jóhanna Ólafsdóttir, fyrrum hús-freyja í Garði í Kelduhverfi og kirkjuvörður á sama stað til margra áratuga. Mér er bæði ljúft og skylt að senda henni órlitla afmælisveðju á þessum tímamótum.

Jóhanna er frá Fjöllum í Kelduhverfi, miklu myndarbylí þar sem sama ættin hefur setið lengi. Eiginmaður hennar er Sigurður Jónsson, einnig borinn og barnfæddur Keldhverfingur, virtur maður og vinsæll. Jóhönnu og Sigurð hef ég þekkt þau níu ár sem ég hef þjónað sem prestur í Skinnastædarprestakalli.

Þau hjónin stunduðu búskap í Garði, hinum forna kirkjustað Keldhverfinga, í nærfellt hálfu öld og bjuggu þar myndarbylí. Efst er mér þó í huga framlag Jóhönnu og þeirra hjóna beggja í þágu Garðskirkju. Um Jóhönnu má með sanni segja, að hún hefur hvorki sparað spor né krafta í þágu kirkju sinnar. Hún sinni starfi kirkjuvörðar, og staðarhaldara ef svo má segja, áratugum saman af fágætri

trúfesti, alúð og hirðusemi. Segja má, að þegar komið er inn fyrir þröskuld Garðskirkju, mætir þeim sem þangað kemur andblær góðrar umhirðu. Á það við enn í dag, því að artaki hennar hefur ekki á nokkurn hátt slegið slóku við. Jóhanna kappkostaði að halda kirkjunni ætíð hreinni og snyrtilegri, og það sem ekki er minna um vert, að vanda mjög til umbúnaðar helgrama og skróða kirkjunnar. Fyrir þessa mikilsverðu þjónustu skal hér þakkað fyrir hönd safnaðarins.

Vonandi hefur hin góða umhirða haft góð áhrif á það helgihald sem fram hefur farið í kirkjunni. Að minnsta kosti ber hin dygga þjónusta Jóhannu fagran vott um staka trúfesti við það helga erindi sem kirkjunni er falið á hendur að boða. Þá átti Sigurður ekki lítinn hlut að máli og söng til að mynda með kór Garðskirkju í alls 54 ár. Þau eignuðust fimm börn saman, en tvö þeirra eru látin. Þau eiga nú orðið myndarlegan hóp afkomenda, sem vissulega bera upp- runa sínum fagurt vitni.

Þau hjónin eru bæði vinnusöm og dugnaðarforkar, þannig að því er ekki frestað til morguns, sem hægt er að gera í dag. Þau líta einnig svo á, að hvert verk eigi þá virðingu skilið, að það beri að inna hendi af sannri umhyggju. Menning er að gera hlutina vel, segir einhvers staðar og eiga þau orð vel við um Jóhönnu. Fyrir nokkrum árum fluttust þau hjónin til Húsavíkur, en næsta víst er, að hugur þeirra hjóna og hjarta býr enn í Kelduhverfi. Ég er þeim afar þakklátur fyrir hversu vil þau tóku á móti mér og okkur hjónum á sínum tíma, svo og vináttu og rausnarskap alla tíð síðan. Á heimili þeirra hjóna er ætíð gott að koma og víst er, að þaðan fara fáir svangir út. Margur Keldhverfingurinn hefur það fyrir sið að fara ekki til Húsavíkur án þess að líta við hjá þeim hjónum.

Að lokum vil ég fyrir hönd okkar hjóna óska þeim Jóhönnu og Sigurði blessunar Guðs í bráð og lengd. Lifid heil!

Jón Ármann Gíslason

Borgarhólsskóli:

Íslensk-pólskar orðabækur að gjöf

Eins og fram hefur komið í Skarpi hafa Stéttarfélagin í Þingeyjarsýslum unnið mjög vel að málefnum erlendrar starfsmanna sem komið hafa til starfa á félagssvæðinu. Og þar sem fyrir liggur að börn af erlendum

uppruna sem flutt hafa til Húsavíkur á síðustu árum munu hefja nám í Borgarhólsskóla á Húsavík næsta haust ákvað Skrifstofa stéttarfélaganna að gefa skól- anum íslensk-pólskar orðabækur.

Tryggvi Jóhannsson skrifar:

“Raunveruleg afstaða”

Í grein sem birtist í Skarpi 5. janúar s.l. veltir ritstjóri blaðsins fyrir sér afstöðu stjórnmalaflokkanna til álvers á Bakka. Þessi umfjöllun er tímabær og alveg ljóst að kjósendur verða að fá skýr svör fyrir Alþingiskosningarnar í vor, frá frambjóðendum og forystu flokkanna. Undirrituðum finnst nokkuð hafa skort á að ljóst sé hver “raunveruleg afstaða”, flokkanna er, eins og ritstjórnin orðar það. Þetta á ekki aðeins um Samfylkinguna, heldur hina flokkana líka.



Tryggvi Jóhannsson.

Í greininni voru forystumenn Samfylkingarinnar krafðir svara um afstöðu sína til þessa máls. Afstaða Samfylkingarfélags Húsavíkur og nágrennis hefur legið fyrir lengi og var ítrekuð nú fyrir skemmstu með ályktun. Þar koma fram nýjar hugmyndir um kolefnisbindingu og eindreginn stuðningur við yfirhugaðar álversframkvæmdir, svo ekki getur leikið vafi á afstöðu Samfylkingarfélaga hér á svæðinu, og hlýtur því að vera átt við forystumenn flokksins á landsvísi. Þeir verða að svara fyrir sig.

Í greininni er látið að því liggja að framgangur málsins sé sama sem tryggður nema ef vera skyldi að Samfylkingin kæmist til valda, þá yrði hætt á að eignum og afkomu landsbyggðarfólks yrði enn einu sinni fórnæð, í þeim tilgangi einum að skapa svigrúm fyrir þenslu á Suðvesturhorninu. Nú má spyrja: Af hverju er þensla á umræddu landshorni og hefur verið undanfarna áratugi? Ber Samfylkingin ábyrgð á henni? Er ljóst hver “raunveruleg afstaða” núverandi stjórnarflokka er til uppbyggingar álvers við Bakka?

Ritstjórnin spyr líka: “Verður það stefna flokksins fyrir næstu kosningar að koma í veg fyrir atvinnuuppbyggingu og verðmætasköpun á Norðurlandi?”

Ef ritstjórnin á við þetta sérstaka verkefni, álver á Bakka, þá eiga þessi orð aðeins við

um Vinstrigræna.

En almennt séð hefur stefna Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks orsakað þenslu á höfuðborgarsvæðinu og viðhaldið henni. Mótvegisáðgerðirnar felast m.a. í því að skera niður vegafraamkvæmdir í Þingeyjarsýslu, selja flugstöðvarbyggingar á Húsavíkurflugvelli, þvælast fyrir gerð Vaðlaheiðarganga, svo nokkur dæmi séu nefnd.

Þið hafið heyrt um flutning opinberra starfa út á land. Hvað um efndirnar? Í fundargerð Eyping frá 11. janúar 2007 kemur fram að sl. 10-12 ár hefur störfum á vegum ríkisins fjölgað um 2700, þar af hefur þeim fjölgað um 2900 á höfuðborgarsvæðinu! Þeim hefur sem sé fækkað um 200 á landsbyggðinni! Nú virðist eiga að bæta þenslu ofan á þensluna með stækkun álversins í Straumsvík. Markmiðið virðist vera að neyða landsbyggðarfólk til þess að flytja á SV-hornið. Þetta eru dæmi um “raunverulega afstöðu” þeirra sem stjórnna. Ekki er Samfylkingin í ríkistjórn.

Það er samt mörgum spurningum ósvarað. Við vitum með nokkuð góðri vissu að orkan til álvers er næg í háhitasvæðum hér í héraði. Aðeins þarf að sækja hana, það tekur ákveðinn tíma en þau plön eru skýr. Hitt stóra málið er mengunarkvótinn. Hversu mikill er hann og hvernig verður honum ráðstafað? Enginn virðist vita það og yfirlýsingar misvísandi.

Er það svo, eins og iðnaðar-ráðherra segir, að stjórnvöld hafi ekkert að segja um stóriðju-uppbygginguna, hún sé fyrst og fremst mál sveitarfélaga og álfyrirtækja? Það er alvarlegt mál ef sú mikla og dýra vinna sem unnin er vegna undirbúnings álvers á Bakka er óþörf og sagt verði við lok hennar: Allt í plati!

Ef ríkisstjórnin ætlar að fría sig ábyrgð í þessu máli þá er hún að segja: Okkur kemur byggðapróun í landinu ekkert við og hagstjórn ekki heldur nema þegar vegagerð úti á landi truflar eðlilega þenslu. Þetta atvinnumál sem við Samfylkingarfélagar á Húsavík höfum barist fyrir er eitt mesta byggðamál seinni tíma hér á landi og er ekki hægt að afgreiða svona. Á líka að bæta álversuppbyggingu í Straumsvík og Helgúvík ofan á þá þenslu sem fyrir er suðvestanlands?

Þessu þurfa fulltrúar stjórnarflokka að svara.

Aftur að mengunarkvótanum. Við þurfum svör. “Hlustið ekki á umhverfisráðherra, treystið á mig!” Sagði fyrrverandi iðnaðar-ráðherra, Valgerður Sverrisdóttir á fundi á Húsavík í fyrra. Við erum enn að hlusta en heyrum ekkert!

Þá er komið að heiti þessarar greinar, “Raunveruleg afstaða”. Þegar þingmenn stjórnarflokka segja vera jákvæðir fyrir uppbyggingu álvers á Bakka fylgir því jafnmikil skuldbinding og þeir segðust vera jákvæðir fyrir góðu sumri norðanlands. Raunveruleg afstaða til uppbyggingar álvers á Bakka birtist í framkvæmd.

Því spyrjum við þingmenn kjördæmisins, núverandi og tilvonandi: Hvað ætli þið að gera? Hvað ætla sex þingmenn ríkisstjórnarflokka að gera í þessu máli, hver er þeirra “raunverulega afstaða?”

Tryggvi Jóhannsson,
fulltrúi Samfylkingar í
sveitarstjórn Norðurlþingis.

Landsbankamótið 2007:

Líður að úrslitum

Næstsíðasta umferð í Landsbankamótinu var spiluð síðasta mánudagskvöld 5. febrúar.

Og urðu úrslit sem hér segir:

Sveit Þórólfs – Sveit Guðmundar	18-12
Sveit Friðriks – Sveit Guðjóns	22-8
Sveit Ómars – Sveit Hilmars	0-25

Fyrir lokaumferðina er sveit Þórólfs efst eftir viðureignina við sveit Guðmundar. Svo eiga sveit Friðriks og sveit Hilmars eftir að spila í lokaumferðinni og er það úrslitaleikur um bronsið.

Staðan fyrir lokaslagina:

1. Sveit Þórólfs Jónassonar	82 stig
2. Sveit Guðmundar Halldórssonar	78 stig
3. Sveit Hilmars Dúa Björgvinssonar	71 stig
4. Sveit Friðriks Jónassonar	59 stig
5. Sveit Ómars Gunnarssonar	34 stig
6. Sveit Guðjóns Ingvarssonar	20 stig

Butlerinn

Staða 10 efstu para í “Butler” tvímenningsútrekningi:

1. Guðmundur Halldórsson-Pétur Gíslason	115 stig
2. Þórólfur Jónasson-Þórir Aðalsteinsson	92 stig
3. Kristinn Lúðvíksson-Eiður Gunnlaugsson	85 stig
4. Egill Freysteinnsson-Gylfi Yngvason	69 stig
5. Árni Helgason-Hlökkver Hlökkversson	67 stig
6. Valmar Valjaots-Hilmar Dúi Björgvinsson	17 stig
7. Egill Egilsson-Ómar Gunnarsson	-1 stig
8. Magnús Andrésón-Þóra Sigurmundsdóttir	-8 stig
9. Friðrik Jónasson-Pétur Skarphéðinsson	-11 stig
10. María Jónsdóttir-Guðrún Aðalsteinsdóttir	-50 stig

Bronsstig

Staða spilara í bronsstigagjöf fyrir veturinn 2006-2007:

Efstu sextán spilararnir vinna sér þátttökurétt í silfurstiga einmenningi sem spilaður verður í byrjun næsta spilaárs (haustið 2007).

Staðan eftir mánudagskvöldið 5. febrúar:

1. sæti	Pétur Gíslason	149 stig
2. sæti	Þórir Aðalsteinsson	148 stig
3. sæti	Guðmundur Halldórsson	139 stig
4. sæti	Þóra Sigurmundsdóttir	134 stig
5. sæti	Magnús Andrésón	119 stig
6.-7. sæti	Pétur Skarphéðinsson	112 stig
	Þórólfur Jónasson	112 stig
8. sæti	Friðrik Jónasson	105 stig
9. sæti	Valmar Valjaots	102 stig
10. sæti	Árni Helgason	87 stig
11. sæti	Hilmar Dúi Björgvinsson	82 stig
12. sæti	Hlökkver Hlökkversson	69 stig
13. sæti	Eiður Gunnlaugsson	64 stig
14.-15. sæti	Gylfi Yngvason	56 stig
	Egill Freysteinnsson	56 stig
16.-17. sæti	Júlíus Bessason	47 stig
	Kristinn Lúðvíksson	47 stig
18. sæti	Egill Egilsson	43 stig
19. sæti	Ómar Gunnarsson	35 stig
20. sæti	Sigurður Jón Björgvinsson	26 stig
21. sæti	Þórhallur Hermannsson	18 stig
22.-25. sæti	María Jónsdóttir	16 stig
	Þorgerður Kjartansdóttir	16 stig
	Stefanía Halldórsdóttir	16 stig
	Anna Bjarnadóttir	16 stig
26.-27. sæti	Ásmundur Halldórsson	10 stig
	Ómar Vagnsson	10 stig

Aðrir spilarar hafa ekki náð að vinna sér inn bronsstig á þessu tímabili.

Lokaumferðin í Landsbankamótinu 2007 verður spiluð mánudaginn 12. febrúar kl 20:00 í Hvalasafninu. Leikir síðustu umferðar eru: Sveit Hilmars-Sveit Friðriks Sveit Guðjóns-Sveit Þórólfs Sveit Guðmundar-Sveit Ómars Við minnum á að áhorfendur eru velkomnir. Alltaf heitt á könnunni!!!

Arkartvímennungur

Erum byrjaðir að taka niður skráningar í Aðaltvímennung BFH 2007 sem byrjar mánudaginn 19. febrúar 2007. Skráningu skal vera lokið kl 16:00 sama dag(19/2)

Skráning í sínum: 897-2588 Hilmar & 862-3213 Guðmundur MUNIÐ AÐ SKRÁ YKKUR Í TÍMA (það sparar alla vinnu við uppsetningu móts).

HDB



Pingey er víðar að finna en í Skjálfandafljóti. Hér er t.d. Pingey í Húsavíkurhöfn.

Kelduhverfi gósenland bifhjólamanna?

Á heimasíðu Kelduhverfis er vakin athygli á klausu sem birtist á vef Bifhjólasamtaka lýðveldisins, vegna hugsanlegs landsmóts þeirra í Skúlagarði næsta sumar, þar sem segir m.a.: „Því slóðarnir eru óteljandi upp af nánast öllum sveitabæjum sem endast og endast þar til yfir lýkur.“

Á kelduhverfi.is telja menn það verulega umhugsunarvert að heiðarslóðarnir séu auglýstir á þennan hátt sem gósenland bifhjólamannsins. Því í heiðinni eru yfir sumartímann á tíunda

þúsund kindur og ekki boðlegt að menn séu að þeysast þar innan um á bifhjólum. Einnig megi spyrja hver ætli að sjá um og kosta viðhald á viðkomandi slóðum ef álag á þá eykst.

“Þessir slóðar voru lagðir í upphafi fyrir tilstuðlan bænda með það í huga að einfalda og auðvelda smalamennskur og þ.a.l ekki ætlaðir til almennrar skemmti- og afþreyingarumferðar”.

Hið íslenska reðasafn:

Náhvalsreður í hús



Sigurður Hjartarson með nýfenginn náhvalsreður.

Í síðasta blaði fjölluðum við um náhveli sem flutt var á Hvalasafnið á Húsavík, þar sem beinagrindin verður sett upp síðar en holdinu hent. En ekki þó öllu holdinu, þar sem Reðasafnið á Húsavík fékk að hirða þann hluta sem fellur undir starfsemi safnsins, sem sé náhvalsreðurinn.

Sigurður Hjartarson reðurstofustjóri var harla ánægður með fenginn þegar Skarpur hitti hann að máli. “Ég á fyrir grænenskan náhvalsreður en það

er ekki það sama. Þetta verður auðvitað að flokka eftir þjóðernum, óháð því um hvaða skepnur er að ræða. Þannig eru fjórir menn búnir að ánafna safninu tólin sín, Íslendingurinn Páll Arason og þrír útlendingar og þeirra framlag verður auðvitað haft í útlendingadeildinni.” Sagði Sigurður.

Þess má geta að náhvalsreðurinn sem safninu áskotnaðist nú mældist 75 sentimetrar að lengd. JS

Jón Helgi Björnsson ráðinn framkvæmdastjóri HP:

“Hlakka til að takast á við krefjandi starf”

Siv Friðleifsdóttir heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur skipað Jón Helga Björnsson í stöðu framkvæmdastjóra Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga frá og með 1. mars 2007 til fimm ára.

Níu einstaklingar sóttu um starf framkvæmdastjóra. Ráðherra fól þriggja manna hæfnisnefnd að fara yfir og meta umsóknirnar en umsækjendur voru: Aðalbjörg Kristbjörnsdóttir, Ásta Hrönn Björgvinsdóttir, Guðrún Árnadóttir, Gunnar Alexander Ólafsson, Hólmfríður Soffía Helgadóttir, Höskuldur Skúli Hallgrímsson, Jón Helgi Björnsson, María Christie Pálsdóttir og Þórir Aðalsteinsson. Sex umsækjendur þóttu uppfylla hæfniskilyrði um menntun er tilgreind var í auglýsingu um starfið.

Jón Helgi er oddviti meirihluta sveitarstjórnar Norðurþings og starfaði sem framkvæmdastjóri Héraðsnefndar Þingeyinga til áramóta síðustu. Hann hefur og starfað við laxeldið á Laxamýri og stýrði Sláturhúsi KP á sínum tíma, þannig að þetta er ekki í fyrsta sinn sem hann stjórnar fjölmönnum vinnustað.

Jón Helgi kvaðst í samtali við Skarp vera mjög ánægður með



Jón Helgi Björnsson.

ráðninguna og hlakka til að takast á við spennandi og krefjandi starf. Hann var þegar búinn að heimsækja vinnustaðinn, labba þar í gegn og heilsa upp á starfsfólk. Aðspurður um hvort hann væri ekki hræddur um að finna ekki tíma til að gegna þessu starfi samhliða væntanlega viðamiklum verkefnum á vegum Norðurþings, kvaðst hann ekki óttast það. “Þetta er eins og hver önnur stjórnun, það þarf að skipuleggja vel og dreifa þeim verkefnum sem þarf að vinna og ég er með mjög góða samstarfsmenn á báðum stöðum.”

Sagði Jón Helgi Björnsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga. JS

spurt er...

Hefurður farið til útlanda og þá hvert?



Elísabet Ósk Vigfúsdóttir: “Ég hef farið til Noregs.”



Aníta Ninna Magnúsdóttir: “Já, ég hef farið til Spánar.”



Valdís Jósepsdóttir: “Já, til Mallorca, Benidorm, Costa del sol og Lanzarote.”



Sigrún Lilja Sigurðardóttir: “Ég fór til Danmerkur.”

Norðurþing á Húsavík:

Glitnir og Vísir vilja byggja

Á fundi skipulags- og bygginganefndar Norðurþings í vikunni kom fram að bæði Glitnir og útgerðarfélagið Vísir vilja stækka við sig á Húsavík, sem væntanlega verður að túlka sem jákvæða afstöðu fyrirtækjanna til áframhaldandi starfsemi í bænum.

Hvað varðaði umsókn Glitnis um viðbyggingu við húsnæðið að Stóragarði 1, gat nefndin ekki fallist á fyrirbyggjandi tillögu þar sem byggingin fer verulega út

fyrir byggingarreit, götumynd breytist mikið og útsýni á gatnamótum skerðist.

Vísir hf óskaði eftir byggingarleyfi fyrir viðbyggingu ofaná KJ húsið, (norðan við aðalbyggingu). Skipulags- og bygginganefnd fól Skipulags- og byggingafulltrúa að kanna byggingarrétt ofaná húsið. Nefndin frestaði afgreiðslu erindisins þar til fullnægjandi upplýsingar liggja fyrir. JS